

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1975 um Launasjóð rithöfunda og öðlast þegar gildi.

Gildistími reglugerðarinnar er þrjú ár.

Bráðabirgðaákvæði.

Úthlutun árið 1976 skal lokið fyrir 15. ágúst þ. á.

Menntamálaráðuneytið, 9. júní 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóv. 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma miðast við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fimmta hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 500 íbúa fjölgun.

Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðarinnar fá atvinnuleyfi, en ekki hafa akstur leigubifreiða að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 178 23. júní 1968.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 186 6. júní 1973, sbr. reglugerð nr. 358 17. júlí 1975 um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr og til næstu vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur

0.5% af fasteignamatsverði árlega. Lágmarksgjald skal vera kr. 5 500.00 og hámarks-
gjald kr. 12 500.00 af íbúð.

2. gr.

Í stað kr. 8.00 komi kr. 15.00.

3. gr.

Í stað kr. 5 000.00 komi kr. 15 000.00.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358 17. júlí 1975.

Reglugerðarbreyting þessi, staðfestist hér með samkvæmt vafnalögum nr. 15
20. júní 1923, til þess að óðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

31. maí 1976.

Nr. 235.

STARFSREGLUR

fyrir flugráð.

1. gr.

Flugráð fer með stjórn flugmála undir yfirstjórn samgönguráðherra, en flug-
málastjóri annast framkvæmd ályktana ráðsins og daglegan rekstur flugmála.

2. gr.

Flugráð skal bera undir ráðherra öll mál, sem mikilvæg eru eða þannig vaxin,
að ráðið telur eðlilegt að leita um þau fyrirmæla ráðherra. Auk þess fjallar flugráð
um þau erindi, sem samgönguráðuneytið sendir ráðinu til umsagnar.

3. gr.

Flugráð heldur fundi eigi sjaldnar en tvisvar hvern mánuð. Þó er heimilt að aðeins
sé einn fundur í júní, júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda eftir þörfum og ætíð ef formaður eða tveir flugráðsmenn
æskja þess.

4. gr.

Formaður flugráðs stýrir flugráðsfundi og leggur fyrir ráðið þau mál, sem því
ber að fjalla um og á dagskrá eru, ásamt nauðsynlegum skýringum.

Einstakir flugráðsmenn geta einnig lagt fyrir ráðið mál, sem eru í þess verka-
hring, eftir því sem fundartími leyfir.

Í fjarveru formans stýrir varaformaður fundi, en sé hann einnig fjarverandi,
kýs ráðið fundarstjóra úr sinum hópi. Flugráð kýs ritara úr hópi flugráðsmanna,
en auk þess er ráðinu heimilt að ráða sér fastan fundarritara.

5. gr.

Fundarboði í flugráð skal fylgja dagskrá og er fundur lögmaður og ályktunarbar
ef hann er löglega boðaður og þrír aðalfulltrúar viðstaddir hið fæsta. Geti aðalfulltrúi
ekki mætt, skal þegar boða varamann hans. Varamenn skal einnig boða til setu á
fundi flugráðs, með málfrelsi og tillögurétti, a. m. k. mánaðarlega, enda þótt hlutað-